

AUGLÝSING

um starfsreglur frá kirkjuþingi um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

1. Reykjavíkprófastsdæmi eystra.

Mörk Lindasóknar og Lindaprestakalls afmarkast í norðri, austri og suðri af bæjar-
mörkum Kópavogs, en til vesturs af Reykjanesbraut.

2. Þingeyjarprófastsdæmi.

Raufarhafnarprestakall er lagt niður. Raufarhafnarsókn tilheyrir eftirleiðis Skinnastaðar-
prestakalli.

2. gr.

Austfjarðaprófastsdæmi.

Bærinn Urðarteigur, sem nú tilheyrir Berufjarðarsókn, Djúpavogsprestakalli, tilheyrir
Djúpavogssókn, Djúpavogsprestakalli eftirleiðis.

3. gr.

Á eftir orðinu „Skipan“ í 1. mgr. 12. gr. komi: vígslubiskupsdæma.

Upptalning í 12. gr. skal hefjast á fyrirsögninni Skálholtsumdæmi. Skal síðan byrja upp-
talningu prófastsdæma á Skaftafellsprófastsdæmi í stað Múlaprófastsdæmis og enda á
Vestfjarðaprófastsdæmi. Þá kemur fyrirsögnin Hólaumdæmi. Skal síðan byrja upptalningu
prófastsdæma þar á Húnavatnsprófastsdæmi og enda á Austfjarðaprófastsdæmi.

Heiti starfsreglnanna verður: Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði.

4. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Niðurlagning Raufarhafnarprestakalls öðlast þó gildi 1. júní 2006.

Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 2. nóvember 2005.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.